



„Þjónustan frá Edico var persónuleg og tók tillit til raunverulegra þarfa okkar. Fulltrúum Edico var í mun að aðlaga kerfin þannig að þau pössuðu starfsseminni okkar sem allra best og væru þjál í notkun fyrir gesti okkar. Ég kunní að meta viðleitni Edico sem snéri að því að gera okkur sjálfbær um breytingar á starfsmannalísum og öðrum stillingum.“

Viðmælandi: Gissur Kolbeinsson fjármála- og rekstrarstjóri Bandalags háskólanna.

Edico Visit

Móttökukerfi sem skráir inn gesti sem eru að koma í heimsókn til fyrirtækisins.

Starfsfólk fær skilaboð í tölvupósti og með SMS sem lætur vita um komu gesta.

Taktu vel á móti gestum og njóttu þess að vera með skilvirkari móttöku

Bandalag háskólanna notar nú Edico Visit til að taka á móti sínum gestum

Í byrjun árs 2018 var þjónustuveri BHM komið í gagnið. Sú breyting kallaði á breytingu á húsnæði BHM sem og breytingu á verklagi varðandi móttöku félagsmanna. Niðurstaðan varð að hin hefðbundna mannaða móttaka vék fyrir notalegu móttökurými sem býið er kaffiaðstöðu. Bæði var eldri móttakan plássfrek og kallaði fram lélega fermetranýtingu og sömuleiðis var krafan um mönnun hennar á dagvinnutíma orðin íþyngjandi.

Hvað gerir lausnin fyrir ykkur?

Búnaðurinn hefur orðið til þess að unnt er að nýta starfskrafta þeirra sem önnuðust gestamóttöku mun betur en áður var og þá má segja að nokkur straumlínulögun hafi orðið á verkferlum varðandi móttöku gesta. Þannig eru t.d. boðleiðir orðnar styttri en áður var. Í stað þess að móttökufulltrúi taki á móti gestum og beini þeim rétta leið fær „gestgjafinn“ tilkynningu um komu gesta um leið og innskráningu er lokið.

Hvað hefur áorkast?

Þörfin fyrir mönnun gestamóttöku á dagvinnutíma hefur þurrkast út. Fyrir vikið hafa þeir starfsmenn stórauðið svigrúm til að sinna fjölbreyttari verkefnum en áður var.

Edico Visit tryggir að gestir okkar fái ætíð móttöku fljótt og vel, burt séð frá tíma dags eða vikunnar.

Með tilkomu Edico Visit erum við komin með betri yfirsýn yfir gestakomur. Með Edico Visit getum við mælt tíðni heimsóknna og séð hvernig heimsóknir skiptast niður á félag, deildir og starfsmenn.

Hvers vegna leituðu þið til Edico?

Við hönnun móttökurýmis skoðuðum við vel hverjir buðu upp á rafrænar móttökulausnir. Við leituðum ráða hjá fyrirtæki sem við verslum upplýsingatækniþjónustu af sem mælti eindregið með Edico. Við ákváðum að slá til enda þótti okkur líklegt að við fengjum góða og persónulega þjónustu hjá Edico. Þá komu verð Edico vel út í samanburði við sambærilegar lausnir sem í boði voru hjá öðrum.